No. 6.

Viljinn 1909

Blekkið ekki kuskt minni
hvíta kæru vinir.
Minni for þið megið flyta
mamma-syni.
Áfram halda og vil þó að ikki se fari:
Kallmannlegt. að hafa engi, í klof þá
var.
Ætlun með engum vafa er mér
ennir. Þá er ekki þörf að skrafa,
þar um. Amen.

Viljinn

Ef menn vilja skrifa eitthvað í Viljann — eru þeir vinsamlegast beðnir að senda það til ritstjóranna. heldur en að krassa á eyðublöð hans —. og bönnum við það hérmeð.

Ritnefndin.

Viljinn. No. 6. 9. árgangur.

Útgefandi: Lestrarfélag Miklabæjarsóknar.

Höskuldsstöðum 7 Marz. 1909

Ritnefnd:

Gísli Björnsson

Árni Hallgrímsson

Jón Kristjánsson

Hetjukvædi

Fram med hreysti og hug.
Fram med drengskap og dug:
Drögum blæju frá augunum
skjótt. Hristum frelsisins hjör,
Hreyfum mælskunnar dör. Hefj-
um göngu því lidin er nótt

Fram med brosandi brá!
Búum frjálslyndi á; Látum
hætturnar hörfa úr leid.!
Knýjum dularheims-dyr!
Deyfum þrælkunar byr!
Dygdum straum á þjódlífs-
-ins skeid!.

Jón Kristjánsson

Um barnakenslu

Þó tíminn sé reyndar ekki mikill. sem jeg hefi til ad stydja ad útgáfu „Viljans" þá vil jeg þó einusinni en reyna ad taka pennann mér í hönd og sjá hvad jeg get, en um leid hlýt jeg ad bidja hina heidrudu lesendur Viljans ad dæma ekki hart. þó gallar kunni ad finnast á ritgerd þessari, því bædi er málid vandad samt, og hugsanir mínar ekki heldur nægilega bjartar í því.

Þad sem fyrst vaknar í huga mínum í þessu efni er ástandur kennaranna vidvíkjandi barnakenzlunni.

Þad er enginn vafi á því, ad margur madur hefi gefid sig vid

barna kenslu, sem als engin löngun
hefir rekið hug til þeirra hluta.
heldur hefir hann margra orsaka
vegna neyðst til þess. Þessir menn
hafa máske verið vel að sér, en
hvað segir það, ef ástundun og sam-
viskusemi vantar?. Skylyrði fyrir
umhyggjusemi og trúmensku er að
hafa sterka löngun til að vinna
verkið, og ber þess vel að gæta að
kennararnir séu þeim hæfileg-
leikum gæddir, sem á að vera
yndi að því að segja börnunum
til, og stiltir þurfa þeir að vera, ef
vel á að fara. Einnig þurfa kenn-
ararnir að vera góðhjartaðir og til-
finningamenn. Það mun sjaldan henta
að þeir séu strangyfirvöldum líkir.
Þeir þurfa að láta börnin elska sig
en til þess þurfa þeir sjálfir að
vera viðkvæmir en þó frjálslyndir

þeir mega ekki láta börnin hafa
þrælsótta; það samrýmist ekki
hinu fagra „prógrami" hinna nýju
fræðslu laga, að uppala frjálslynda
og sjálfstæða þegna, ef ég skil það rétt
þannig—.

Við vitum það að börnin elska hrós.
og kennarinn þarf að vera þeim hóf-
kær. En til þess þarf sérstakt
lag og slíkt er ekki öllum gefið.
Sökum þess hvað lunderni barn-
anna er misjafnt stafast aðal
vandinn, sérstaklega þar sem mörg
börn eru saman komin. Ekki er
gott að mestallur kenslutíminn
gangi í tómar áminningar, og gagns-
laust er líka að „munnhöggvast" við
börnin. aðeins tvö" þrjú orð geta
haft mikil áhrif á börnin, ef þau
eru heppilega valin. Börnin þurfa
að skoðast sem ein heild og sé

heldi á að álíta sig skyldda til
að hlýðnast reglum kennarans.
Þetta er mjög mikill vandi sér-
staklega af því að ekki eru allir
foreldrar sem kenna börnum sínum
að hlýða á réttan hátt, en það er
oft sem og aðstandendur barnanna
vilji helst kasta öllum vandanum
á kennarana, og víst er um það
að varla getur nokkur kennari
ímyndað sér hvað lítil fyrirlegt þarf
að segja sumum börnum, sem for-
eldrarnir hæglega hefðu getað sagt
þeim ef þau hefðu haft hugsun
á því; fyrir þessar orsakir verða
börnin mjög oft kennurunum til
mæðkunar.

Það er því mjög nauðsynlegt að
foreldrarnir kenni börnunum sín-
um snemma að hlýða, ekki með
ofbeldi eða hörðum orðum, heldur með
ást og hógværð, og reyna að gjöra þeim
skiljanlegt hvað nauðsynlegt það sé
fyrir þau að hlýða yfirboðurum sínum.
Fyrsti hyrningarsteinn sannar mentunar
þarf að leggjast af foreldrunum eða að-
standendum barnanna. Aldrei er t.d.
of snemma byrjað á að innræta börn-
unum að elska sveitina sína og landið,
fegurðartilfinningu á náttúrunni og elska
þann sem henni stjórnar; þetta er á-
herzluvert atriði, sem bæði þeir og aðr-
ir sem börn hafa um að annast ættu
að hafa hugfast.

Oft hafa verið miklir gallar á
barnakenzlunni en það er einn þeirra
mestur og er hann sá að börn hafa
ekki skilið vel það sem þau hafa
farið með, og hef t.d. vitað börn sem
hafa verið komin máske í deilingu
eða lengra í reikningi en hafa þó

ekki haft hugmynd um hvada gagn þeim væri ætlad ad hafa af honum, eda hvernig ad þeir nota skyldi vid dæmin. Ad vísu geta verid til börn sem als ekki er hægt ad láta skilja reikning eda annad. en oft er þetta sjálfum kennurunum ad kenna.

Nú mun þad margur segja svo sé stadd ad börn séu of mikid þvingud á lærdómnum, því vanalega vilja adstandendurnir láta kennarana hafa nóg ad gjöra, vilja láta börnin læra allann daginn; en þetta er stórt feil af hlutadeigendum. minsta kosti álítur stjórn frædslu-málanna þad, þar sem hún tekur skýrt fram ad ekkert barn skuli hafa lengri en 6 stunda kenslu á dag. en adal-lega gjört rád fyrir 3.

Mun þetta ekki þykja þungt lögmál? Jú, þad mun sumum þykja tímin of stuttur. en til þess ber ad líta, ad börnin þurfa framvegis meira ad lesa en ádur.

Enn nú kunna sumir ad segja ad þarflaust sé fyrir börnin ad læra svo mikid undir ferminguna og máske álíta ad þau hafi engin not af því. – Mörgum þykir kristindóms-kenslan vera of lítil. þar sem gjört er rád fyrir 2. stundum í viku, og er og því als ekki mót-fallinn ad svo sé. Aftur á móti eru hinar námsgreinarnar naudsyn-legar, og víst er um þad, ad sumar þeirra renna saman vid kristin-dóminn. t. d. náttúrufrædin, sagan og landafrædin. Altaf er gott ad grípa til sögunnar, í sambandi vid

kristindóminn. Ekki fá börnin eins góða hugmynd um ýmsa viðburði sögunnar ef landafræðin er ekki með. Náttúrusagan kemur kristindóminum mikið við, að því leyti er snertir styrkleika trúarinnar. Börnin geta því betur dáðst að ýmsu í náttúrunni ef þau þekkja eðli þeirra að einhverju leyti; fegurðar-tilfinning þeirra glæðist og trúin festir dýpri rætur hjá þeim. Einnig mætti segja að þekking á náttúru Íslands gæti verið góður hyrningarsteinn sannrar ættjarðarástar, sem svo nauðsynlegt er að koma inn í þjóðina; eins er því varið með sögu landsins, fögur ljóð skáldanna og fleira.

Þá mætti nú ekki gleyma söngnum. Þó hún fögur sé nauðsynleg og fögur, má þó telja sönginn í fyrsta flokki: Bæði má segja að hann sé hollur fyrir brjóst mannsins ef hann er ekki þreyttur of mikið, og þar næst er hann með hinum fegurstu listum.

Þá mætti einnig minnast á leikfimina. Mun hún ekki eiga teljast þarfleg og holl fyrir líkamann. Víst hefur forfeðrum okkar þótt það, og víst er það að íþróttir hafa verið iðkaðar því á landi þegar þjóðin var bágstaddari en hún er nú.

Margt og margt mætti segja um þetta efni – fleira, en nú verður tíminn að ráða.

Aðeins eru þessar fáu línur aðal atriði minna skoðana á barnakenzlunni

Mun ekki mentunin barnanna
verða þeim og eftirkomendum
þeirra til gagns? Mun hún ekki
styrkja krafta þeirra í barátt-
unni? Mun hún ekki geta orðið
til þess að heiður fjallkonunnar
eflist og hagur hennar ~~aak~~ rísi?
Mun hún ekki verða til þess, að eft-
irkomandi kynslóðir minnist
nútíðarinnar með ást og virðing-
u eins og við minnumst ýmsra
viðburða sögu okkar með ánægju.
En óskandi væri að þær kyn-
slóðir þyrftu ekki að minnast
eins margra sára ættjarðarinnar frá
okkar tíð, eins og við þurfum ~~að~~
~~minnast~~, frá okkar feðra tíð.

Jón Kristjánsson

Framhald. **Gamlárskvöld** (smásaga)

„Getur verið sem þú segir, kona,
en leiðinlegt er það fyrir okkur að
sitja hér og vita af einkabarninu
sínu svo nálægt."
„Þakkaðu guði fyrir að við höfum hann
svona nálægt okkur, og vitum að hon-
um líður vel. En ekki ber ég á
móti því að mér þykir sárt að hann
ekki kom. Það er bezt ég taki lumm-
udiskinn, ég læt hann inn í ofninn,
til þess að hann geti fengið þær
heitar, rúsínulummur þykja honum
bestar af öllu brauði, hann er alltaf sam-
a barnið, blessunin!" Og Kristín
gamla stóð á fætur, tók diskinn og
setti hann inn í skáp og stundi
við. „Það er best að við förum að
lesa, það kemur hvort sem er enginn
til að syngja nýjárssálmana fyrir
okkur í kvöld"
Bjarni ~~tók~~ setti upp gleraugun,

tók lestrarbókina og settist niður
við borðið. Kristín settist á rúmið
þeirra. En í því að Bjarni ætlaði
að byrja lesturinn, heyrðist hund-
gá mikil úti og því næst hratt
fótatak inn göngin.
„Hvað er þetta?“ sögðu bæði hjónin.
Í því var baðstofuhurðinni hrundið
upp og Ólafur faðmaði foreldra sína
að sér. En sú gleði sem varð hjá
gamalmennunum!
„Þetta var blessuð nýjárs gjöf,“ sagði
móðir hans og strauk hárið frá
enni hans eins og hún var
von að gjöra þegar hann var barn.
„Þið ætlið að fara að lesa sé ég,“ sagði
hann til að komast hjá öllum
útskýringum á þessari óvæntu komu
sinni. „Komdu með sálmabókina
mamma það er bezt ég byrji.“
Að enduðum lestrinum fór Kristín
gamla fram og var ekki lengi að

hita kaffið. Bar hún fyrst inn hangi-
kjöt, hnakkaspik, laufabrauð og allt
íslenskt góðgæti, sem Ólafi smakkaði
vel. Og svo þegar kaffið og lumm-
urnar komu, gat hann ekki stillt
sig um að segja: „Ég held ég hefði
ekki fengið betri „trakteringar“ þó ég
hefði borðað hjá sýslumanninum á
kvöld“ „Varstu boðinn þangað?“
spurði faðir hans.
„En hvernig gastu farið frá sjúkl-
ingunum þínum?“ spurði móðir hans.
Ólafur blóðroðnaði. „Hún var ögn
skárri þegar ég fór,“ sagði hann.
En með sjálfum sér hét hann
því, að þetta skyldi verða í síðasta
sinn sem hann þyrfti að skrökva
að foreldrum sínum.
Þegar Ólafur reið heim að húsi
sínu á mánudaginn, mætti hann
Jóhanni sýslumanni:
„Þú ert kurteis maður,“ sagði sýslu-
maður, heldur stuttur í spuna.

„Já, ég verð að biðja þig afsökunar,
en ég gat ekki haft það öðruvísi"
„Já, ég trúi því vel, þú ert líklega
skotinn í einhverri heimasætunni
þarna á Þelamörkinni, svo þér
hefur líklega ekki leiðst."
„Nei, víst leiddist mér ekki; betra
nýjárskvöld hef ég aldrei lifað. En
komdu nú inn með mér og bíddu
eftir mér meðan ég bý mig svo
ég geti farið heim með þér og fært
frú þinni afsökun mína.
Þeir fóru inn, og þáði sýslumaður
með ólund vindilinn þann sem
læknir bauð honum.
Skömmu síðar gengu þeir heim
til sýslumanns. Frúin tók Ólafi
kurteislega en var þó þur í við-
móti: Báðar systur hennar voru við-
staddar.
„Fyrirgefið þér frú mín, að ég var
svo ókurteis að hafna yðar góðu
boði í fyrrakvöld; Við nákvæm-

ari íhugun fannst mér það óhugsand-
legt að bregðast svo von foreldra
minna, sitja hér í glaum og
gleði en vita af þeim einsöml-
um heima." Ólafur mælti þetta
á danska tungu.
„Það skal verða fyrirgefið fyrst
þessi var ástæðan," sagði frúin.
„En dónaskapur var það
samt að hafa mig fyrir fífl
og láta mig senda mann— —"
mælti sýslumaður.
Þá greip María mágkona hans
framm í og sagði; „Þú mátt
ekki kalla þetta dónaskap,
þú veist að sá sem er góður við
móður sína — — —"
„Verður oftast góður eiginmaður",
mælti sýslumaður og hló við.
Var honum nú runnin reið-
in. „Það er nóg til að gjöra þig
ánægða, María litla. — Endir
S.B. (Upp úr gömlu blaði)

Smælki.

Nýjar bækur: Nýútkomin í Reykjavík er nú: Sturlunga, (fyrsta bindi). Búið hefir til prentunar dr. phil. Björn Bjarnason. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson bóksali. Sigurður Kristjánsson ætlar ekki að gjöra starf sitt endaslept, nú er hann búinn að gefa út allar Íslendingasögurnar gömlu, 29 að tölu, og endar með Sturlungasögu. Okkur Íslendingum ætti að vera hlýtt til gamla mannsins. —

Nýtt stafrófskver II. bindi eftir Lauf ungfrú Laufeyju Vilhjálmsdóttur. Þetta kver barst mér í hendur rétt fyrir jólin. Ekki var ég lengi búin að nota þetta kver áður en ég sá, að þetta það var það besta sem ég út hefir komið hér á Íslandi að mínu áliti. Pappírinn og allur frágangur þessa kvers er hinn ákjósanlegasti og prýtt er það með mörgum fallegum myndum eftir Ásgrím málara Jónsson. I. bindi er enn ekki komið út. Kver þetta ætti að komast inn á hvert barnaheimili.

Bernskan eftir Sigurbjörn Sveinss. barnabók er með nokkrum myndum I. og II. bindi. Mjög léttar og góðar barnasögur, allar frumsamdar á íslensku. Í fyrra heftinu segir höf. frá bernsku sinni. Í því síðara eru aftur sannar ~~so~~ barnasögur, svo sem: Útilegumennirnir það er saga af síra Matthíasi Joch. og bræðrum hans frá æskuárunum og ýmsar fleiri góðar barnasögur.

— — —

Fréttir:

Mikinn skaða hvað ofviðrið þ. 29. des. hafa gjört. Tvær kirkjur fokið

suður í Árnessýslu í prestakalli Valdemars prófasts Briems og sonar hans, á Stóra-Núpi og Hrepphólum. Ekki frétt af síðara ofviðrinu, sem hér virtist mikið meira en þetta þ. 28. og 29. des. —

Nú er þjófurinn handsamaður sem stal krónunum í Stóraskeldu dóm kirkjun. Mikið af þýfinu fundið. — „ —

Athgs. Í síðustu tölubl. Viljans er sagt að smásagan: Gamlárskvöld sé þýdd., Sagan er frumsamin hér á landi og bið ég því lesendur Viljans afsökunar á þessari ritvillunni.

Í febrúar.

S. Björnsdóttir

Þess skal getið. að það var fyrir vangá r. e. s. að saga þessi komst ekki í blaðið fyrr en nú. R. n.

Framh. af lýsing Reyðarfjarðar og saga.

Næst fyrir utan Eskifjörð, eða Kaupstaðinn, er Sviðaskáli stór jörð. Þar gerðist saga sú sem hér fer á eftir, og er þráður hennar sannur.

Sólin var að koma upp undan fjöllunum; hún var að senda sína fyrstu ylgeisla þann morguninn yfir land og höf. Hún vildi þerra að þess blómin sem öll voru þakin hinni silfurskæru næturdögg, þessi fögru tár. móðurjarðarinnar vildi hún ekki lengur láta hvíla á krónum hennar, heldur verma hana með sínum og huggandi og endurnærandi lífsstraumum. Þetta mun hafa vel tekist eins og oftar, en þó var eitt blóm sem hún

fagra sál gat ekki eytt tár-
unum af. Hún hafði margsinn-
is reynt það áður en alltaf mis-
tekist. Eins og ýmislegar mis-
-klíðir jarðarinnar verða til þess
að skyggja á blómin og varna
sólunni að skína á þau um stund-
arsakir, eins er því einatt var-
ið með blóm mannlífsins.
Margt verður til þess að slá
skugga á þau. Einstöku blóm
þess verða næstum alveg útundan
áhrifum gleði-ljóssins og skrælna
upp og verða að eins til þess að
hækka jarðveginn. - - - -
Þetta blóm sem jeg nú talaði um
að sólin hefði ekki náð til að verma
og endur nœra, var ~~efnaður~~ bóndi, sem
sem bjó á Svínaskála í Reyðarfirði.
Hann var efnaður maður og átti myndar-
arleg börn og góða konu. Hann
var nú hniginn á efri aldur. Ellin
var farin að setja merki sín á
andlit hans. Svipur hans var orðinn
þunglyndislegur. Einhver dulinn
harmur virtist að hafa beint
skugganum sínum á hann, í stað
þeirra fögru vonarljósa sem áður
höfðu gjört hann bjartann. Þessir
skuggar munu hafa sortnað æ meir
eftir því sem tíminn leið. unz þeir
hafa gjört manninn óforann[illegible] að
skoða lífið, sem hverjum heilbrigðum
manni sæmir. Stundum virðist
sem andvari muni geta gjört
manninn sælann, eða minsta
kosti kunna sumir að álíta það.
en hver getur sagt um það hver
að sé ánægðastur, en sælan er þó ætíð
mest innifalin í því að vera ánægður

„Margur hyggur auð í annars
garði:" segir máltækið. en menn
geta oft farið feilt í þessu. og þann-
ig er því varið með þetta — —
Á Svínaskála er stórt og fallegt tún,
sem alt liggur í halla. og er að mestu
leyti slétt. Þegar saga þessi gerð-
ist var verið að slá túnið á
Svínaskála. Vanalega risu menn
þar snemma úr rekkju og var
1 Björn vanur að fara fyrst~~ur~~ á
fætur. Grasið hafði fallið hrönn-
um saman daginn áður, en þess
þau vissu það fyrir fram. en
nú átti blóð að falla, — sem líka
var í túninu á Svínaskála. og vel
vissi að það átti að ske.
Björn var hinn besti smiður;
hann átti smiðju, neðst niðri í
túnfæti; þar var hann oft dögum

1. Svo hét bóndinn

saman, þegar hann var á sínum besta
æfiskeiði; en nú var hann næstum
hættur að koma þangað. Nú hafði
hann ekki lengur ánægju af að
slá járnið hvítglóandi; og láta
leiftrandi neistaflug rjúfa loftið — ,
í stóru smiðjunni, — undan karl-
mensku sinni. Nokkrum árum
fyrir atburð þennan, kom vin-
ur Björns í smiðjuna, einusinni er
hann var við smíðar, og sá hann
að Björn var þungur í skapi og
ókátur, og svo var það annað, sem
hann veitti ~~honum~~ eftirtekt. Hann sá
að Björn smíðaði eitthvert verkfæri
sem hann þekti ekki; eða gat þó gert
nokkra hugmynd um til hvers nota
skyldi. Vekur hann nú máls á
þessu og segir: „Oft hefi eg nú séð
þig við smíðar, en aldrei hefði eg
ímyndað mér að þú mundir svo

sér fásedan hlut geta til búið. og væri mér stór ánægja að því, að vita til hvers þetta ætti að vera. Sagt er að Björn hafi tiklu til þess gegnt og kvaðst það mundi einhverntíma sýna, og datt svo nið-ur umtalið um það. Framh. næst

---

Ýmislegt í fréttum. fyrir þá sem ekki kaupa blöð.

Fæddir, fermdir, dánir, giftir árið 1907.

Samtals fæddir meyjar og sveinar á árinu er: 2370. Af þeim tölu 66 andvana. Rúmur tíundi hluti óskilgetinn. Fermdir voru: 1802. Hjónabönd: 495. Dánir als 1462. Í Hólma prestakalli andaðist karl-maður, sem komin var yfir 95 ár. Voveilega dánir als: 89. og hafa 12

af þeim fyrirfarið sér. Drukknað hafa 55 karlmenn. Hið mikla mannskaða ár, næst á undan drukk-nuðu 127. þá fórust 100 í sjó í aprílmánuði, en als dóu menn það árið 1906. ekki nema 1276. Inn í þetta yfirlit 1907. vanta fríkirkjusöfnuð Reyðarfjarða. Skýr-slur eigi fengist þaðan – Eru fyrir utan landslög og rétt. (N. K. 61.)

Áfengi og glæpir

Það telst svo til, að Banda-ríkjunum eiga 3/4 allra glæpa 9/10 allra morða og 3/4 allra hjóna-skilnaða rót sína að rekja til brennivínsverslunarinnar.

Allir spyrja um stríðið og gjörðir þess, því mér er varla um annað talað – og álít jeg þess vegna

óþarft að setja nokkuð af svo-
leiðis krumsprangi í þetta blað. Því
ekki veitti reyndar af því, að því
er snerti vöntun á ritgjörðum í
viljann, því ærið latir eru menn
nú að skrifa í hann. Vaknið!

— — — — — —

Andrée

Það eru nú liðin 11 ár síðan að
Svíinn Andrée fór á stað í loftfari,
von um að ná norður-heimskauti á
þann hátt. Víst þótti, að hann væri
dáinn. Nú hefir frétst, að hálf-eski-
mói hafi fundið lík hans norður
í Labrador.

— — — — — — — — — —

Roald Amundsen

Norðmaðurinn, sem frægur er frá
Gjöaleiðangrinum, ætlar innan skamms
að leggja af stað í norðurheimskauts-
leit á „Fram", skipi dr Nansens.
Ætlar hann af stað frá Noregi í árs-

byrjun 1910. og vera kominn í júlí
eða ágúst að Barrowhöfða nyrst
á Alaska. en þaðan ætlar hann að
láta skipið reka með ísnum til út-
norðurs þvert yfir heimskautið.
Hann gerir ráð fyrir að vera 5 ár í
leiðangrinum. en „Fram" á að hafa vistir
til 7 ára. Konungshjónin norsku hafa gefið
20.000 kr til ferðarinnar

— — — — — — — —

Fyrirspurnir sem svara á með rit-
gjörðum:

Hvort er betra að beita fé í
landléttum plássum eða gefa því inni?

Er samviskusöm meðferð hrossa
í Skagafirði á vetrum?

Væri ekki nauðsynlegt að hafa
heyforða-búr í hreppnum okkar?

Er landbúnaðurinn í framför
eða afturför?

Væri ekki betra að menn pöntuðu sjálfir
vörur sínar. en að versla við kaupmenn?

Spóri

Viljinn kveður.

Tindil fættur tölti eg um traðir víða,
klæddur er í kápu síða
kann mér engin föt að sníða.

Hafður er í hávegum hjá heldri mönnum,
kvennþjóðin af kærleik sönnum
kyssir vel, ef það ei bönnum.

Er að færast í mig þróttur ekki ringur
að ýmsu bara orðinn slyngur
allvel mér í tánklum (?) syngur

Ekki hræðist meðalmann þó mæta eigi
út af hrekkja ei mun vegi
ókvíðinn á nótt sem degi.

Eg mun verða afarmikill einhvern tíma,
krafta góður, kunna að glíma
og kanski hrópa í landsins síma.

Þá mun drynja í honum hátt, svo höldar þola
illa við; þann vaig og svala,
víst álíta Þorgeirs bola.

Halda þeir að hvíns sé engir harla nærri
því orðið hafa ei undur stærri
Íslands á grundu kærri

Þá mun margur signa sig og síðan falla
á bæði kné, í bæn á kalla
blessun yfir oss alla alla.

Talþraut:

Þrjár klukkur slá 12 í einu. Ein klukkan gengur rétt, önnur sem tapar sér daglega 12 mínútur, og þriðja flýtir sér daglega um 10 mínútur. Hvenær, eða eftir hvað marga daga slá þær aftur jafnt. 12. ÷ ~~60~~ og ~~72~~ d. (Ekki rétt! J. K.

[illegible] (?) sendist til undirritaðs, sem hefir tekið þessa talþraut úr dagblaði, og leyst úr henni.

Jón Kristjánsson

Bæjaröð:

Syðstagrund
Stóru-Akrar
Höskuldsstaðir
Vaglagerði
Vaglar
Grundarkot
Hrólfsstaðir
Miklibær
2 Víðivellir
1 Víkurkot
Miðsitja
Sólheimum
Sólheimagerði
Úlfsstaðakot
Kúskerpi
Uppsalir

Viljinn Nr. 7 er mesti óráð-belgur og hraustur mjög, er því mjög hættulegt að hann hitti þennann á göngunni, því þá er þennum dauðinn vís(!!!) Í tilefni af þessu biður ritnefndin lesendurna að láta þennan ekki liggja lengur en annan dag á bæ.

Ritnefndin. 21/3

Úrlausn 1. talþrautar í Viljanum No. 3, er: 15 menn 65 krónur frá Kristjáni

1909

34 [illegible]
34
[illegible]